

# Skýrsla staðarhaldara 2009

## **Fundir, ráðstefnur, námskeið, hátíðarhöld o.fl.**

Síðastliðið haust fundaði undirritaður með Gísla Pálssyni prófessor í mannfræði við HÍ, og sagði honum frá hugmyndum Hrafnsyrarnefndar um Hrafnseyri. Vonast var til þess, að hann kæmi með tillögur um hvað við gætum gert til að reka mál okkar frekar áleiðis innan háskólans. Gísli var jákvæður í okkar garð, þótt hann kæmi ekki fram með neinar tillögur okkur til hagsbóta. Einnig var talað við Karínu (staðsett á Háskólatorgi), sem aðstoðað hefur Peter Weiss við að skipuleggja ferðir nemenda og kennara frá USA og Kanada til Íslands. Hún var mjög jákvæð og tilbúin til að aðstoða okkur.

Staðarhaldari tók „sumarfrí“ 18. nóv.- 10. desember 2008. Í þessu frí sínu fundaði hann með Bodil Selmar skorarformanni mannfræðideildar Árósrháskóla í Danmörku um mögulega samvinnu við Sumarháskólann á Hrafnseyri. Bodil var mjög áhugasöm um samvinnu og taldi góðan möguleika á henni. Skömmu eftir áramótin var hins vegar skipt um skorarformann við deildina, og hefur hann ekki reynst eins áhugasamur um slíka samvinnu. Staðarhaldari hefur þó ekki gefið upp alla von um samvinnu við Árósrháskóla og mun halda sambandinu við skólann áfram.

Tími staðarhaldara fram að vori fór mikið í að undirbúa kennsluna við sumarháskólann næsta vor, svo sem að taka saman kennsluefni á ensku og íslensku, semja kennsluáætlun og lýsingar á námskeiðinu á íslensku og ensku og hafa samband við kennara og nemendur. Ákveðið var að hafa einn erlendan kennara, félagsfræðikennarann prófessor Richard Jenkins frá Sheffield háskóla, sem skrifað hefur um myndun sjálfsmyndar einstaklinga, hópa, þjóðaflokka og þjóða. Ísland og Íslendingar voru því dæmi um fólk sem byggir sjálfsmynd sína á sögu og menningu sinni. Til að spara peninga, var ákveðið að staðarhaldari kenndi nemendum um Ísland, þótt upphaflega hafi verið ætlað að hafa sagnfræðing til þess. Staðarhaldari þurfti því að lesa mikið um landið og studdist þá sérstaklega við bók Gunnars Karlssonar „The History of Iceland“, og fleiri greinar eftir hann, og notaði bækur og greinar eftir Guðmund Hálfðánarsson, Sverrir Jakobsson, Kirsten Hastrup, Sumarliða R. Ísleifsson og fleiri, auk þess sem hann las daglega erlendar bækur og tímarit um þjóðerni og þjóðernisstefnu, sem hann telur sér skilt að gera sem staðarhaldara og safnverði, til þess að fylgjast með því sem verið er að fjalla um á þessu sviði í heiminum í dag.

### **Hrafnseyri, ráðstefnu- og fundarstaður**

Í tilefni þess, að Ísland hafði formennsku í Norænu Ráðherranefndinni í ár, var skrifað bréf til yfir 20 aðila, þar sem Hrafnseyri var kynnt sem ákjósanlegur ráðstefnu- og fundarstaður fyrir hinar ýmsu nefndir og ráðstefnur og fundi sem fólk á vegum Ráðherranefndarinnar vinnur að. Því miður reyndist þetta árangurslaust.

### **Stefnumót safna á Vestfjörðum” 15. og 16. maí**

Haustið 2008 tók staðarhaldari þátt í alþjóðlegri ráðstefnu á Hólmavík þar sem hann kynntist Katrínu A. Lund, sem kennir ferðamálafræði við HÍ og Edward H. Huijbens, forstöðumanni Rannsóknamiðstöð Ferðamála, staðsettum á Akureyri. Lögð voru drög

að hugmynd um að koma á ráðstefnu um ferðamál á Hrafnseyri sumarið 2009. Hugmyndin var að hafa tveggja daga ráðstefnu þar sem annan daginn væru fyrirlestrar fyrir hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir í ferðamálum á Vestfjörðum og væru fyrirlesararnir valdir af þessum fyrirtækjum og stofnunum. Á þann hátt yrðu þessir aðilar þátttakendur í undirbúningi ráðstefnunar. Hinn daginn var áætlað að hafa fyrirlestrana á fræðilegri nótum. Eftir að hafa talað við ýmsa aðila ferðamála á svæðinu, þar sem fram kom að þau væru að sinna öðrum sértækari verkefnum og ráðstefnum og hefðu því ekki tíma til að sinna svona stórra ráðstefnu, var ákveðið í þess stað að halda sértækari og minni ráðstefnu, sem beindist sérstaklega að söfnum á svæðinu og kallaðist „Stefnumót safna á Vestfjörðum”.

Hugmyndin að baki þessu „stefnumóti” var að stuðla að samvinnu safna á milli hér á svæðinu, sem gæti orðið vegvísir að safnastefnu fyrir fjórðunginn þegar fram í sækir. Auk þess er alltaf fróðlegt að heyra hvað kollegar manns eru að gera í “sínunum” söfnum á svæðinu og kynnast hvorum öðrum persónulega. Stefnumótið var haldið í Edinborgarhúsinu helgina 15. og 16. maí. Í ljós kom mjög greinileg þörf fólks til að segja frá söfnum sínum og framtíðarsýn. Einnig var boðið upp á þrjá fyrirlestra með aðkomufyrirlesurum frá Norðurlandi, Suðurlandi og Reykjavík. Spunnust þá upp mjög góðar og fjörugar umræður og var greinilegt að fólk hafði þörf fyrir að tjá sig. Þátttakendur á „stefnumótinu” voru samtals 23, og komu þau frá nær öllum söfnum á svæðinu. Auk Safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri, stóðu Byggðasafn Vestfjarða og Jón Jónsson menningarfulltrúi Menningarráðs að ráðstefnunni, sem var styrkt af Menningarjóði Vestfjarða og Vaxtarsamningi Vestfjarða. Áætlað er að halda samsskonar ráðstefnu næsta vor.

**Fundur með rektor Háskóla Íslands og forstöðumanni Stofnunar fræðasetra**  
Þann 8. maí síðastliðinn, héldu undirritaður og formaður Hrafnseyrarnefndar fund í Fræðasetri Vestfjarða í Bolungarvík, með Kristínu Ingólfssdóttur rektor Háskóla Íslands og Rögnvaldi Ólafssyni, forstöðumanni Stofnunar fræðasetra ásamt fleira fólki frá HÍ, sem var þar í heimsókn vegna formlegrar opunar fræðasetursins, þar sem við skýrðum þeim frá hugmynd Hrafnseyrarnefndar stofnun kennslu – og rannsóknarstöðu í tengslum við Hrafnseyri. Tóku þau vel í hugmyndina, sögðust mundu styðja hana þegar hún kæmi á borð til þeirra en ráðlögðu okkur jafnframt að hafa samband við kennara í HÍ, sem við gætum hafið samstarf við.

### **Safn Jóns Sigurðssonar**

Safnið var opið frá 1. júní til 1. september, kl. 10-20 alla daga vikunnar. Heildarfjöldi gesta í safn var **2.073** (í fyrra voru þeir um 1600). Ef safngestir eru um það bil 1/3 allra gesta sem sækja staðinn heim, lætur nærri að heildarfjöldi gesta á Hrafnseyri hafi verið nær 6000.

Svandís var ein með kaffið að þessu sinni mest allt sumarið, en undanfarin ár hefur hún haft móðir sína sér til aðstoðar, svo það var stundum örtröð hjá henni. Ég get því miður ekki hjálpað þegar mest er að gera hjá henni, því þá er líka mest að gera hjá mér á safninu. En þetta tókst mjög vel hjá henni og heyrði ég aldrei neinn kvarta undan þjónustunni - síður en svo.

### **17. júní hátíðin**

Þjóðhátíðin fór vel fram og á hefðbundin hátt með messu, þar sem Leifur Ragnar Jónsson, sóknarprestur í Patreksfjarðarprestakalli prætíkaði og séra Agnes M. Sigurðardóttir prófastur þjónar fyrir altari. Kirkjukór Þingeyrar söng. Hátíðarræðu

dagsins hélt Sturla Böðvarsson fyrrverandi ráðherra. Í stað MÍ kvartetsins, eins og auglýst var, söng Ingibjörg Bjarney Gunnlaugsdóttir við undirleik Helgu Kristbjörgu Guðmundsdóttur. Listamaður sumarsins var Kári Eiríksson og sýndi hann málverk sín í burstabænum eins og venja er. Veðrið gerði það að verkum, að ræðuhöldi og önnur uppákoma voru haldin í Kapellunni. Heildarfjöldi hátíðargesta var á að giska 150-170 manns.

### **Heimsókn Björns G. Björnssonar og arkitekta frá ráðuneytinu**

Föstudaginn 10. júlí kom formaður Hrafnsyrarnefndar, Björn G. Björnsson, Samúel Örn Erlingsson, Oddur Magnússon og Halldór Árnason skrifstofustjóri (þrír þeir síðarnefndu eru frá ráðuneytinu) og heimsóttu Hrafnseyri með það fyrir augum að gera tillögur um að breyta neðrihæð íbúðarhúss í safn og efri hæð í íbúð fyrir staðarhaldara. Það var farið yfir fyrstu tillögur BGB. Síðan hafa verið lagðar fram nokkrar breytingartillögur (m.a. af undirrituðum), sem unnið hefur verið með í ráðuneytinu.

**Fornleifaskráning** var gerð á Hrafnseyri í sumar af Margréti Hallmundsdóttur og er verið að vinna að skýrslugerð um skráninguna.

### **Sumarháskólinn. “Þjóðir og þjóðernisstefna á tímum hnattvæðingar”.**

Námskeiðið “Þjóðir og þjóðernisstefna á tímum hnattvæðingar” var haldið 27. – 31. júlí. Heildarfjöldi nemenda á námskeiðinu var 12. Þar af komu 9 frá Kanada, einn frá Þýskalandi, einn frá Spáni og einn frá Reykjavík. Námskeiðið tókst vel.

Aðalkostnaðurinn við námskeiðið var ferðakostnaður nemenda til og frá Hrafnseyri, en flestir þeirra bjuggu í Holti í Öndunarfirði á meðan aðrir nemendur bjuggu á Ísafirði. Það yrði því mjög mikill ávinningur ef hægt væri að minnka þennan ferðakostnað í framtíðinni með því að bjóða nemendum svefnpláss á Hrafnseyri, til dæmis á kapelluloftinu og í tveimur burstum burstabæjarinns.

Áætlað er að bjóða upp á tvö 5 daga námskeið sumarið 2010 (sjá nánar undir kaflanum Framkvæmdaáætlun 2010). Einnig hefur staðarhaldari í hyggju að bjóða upp á námskeið í ferðamálafræðum fyrir íslenska nemendur eftir áramót í Háskólasetri Vestfjarða, sem verður nokkurskonar undirbúningur að því námskeiði sem haldið verður í Sumarháskólanum á komandi sumri.

### **Umsókn í Þjóðhátíðarsjóð til rannsókna á Hrafnseyri**

Sótt var til Þjóðhátíðarsjóðs um styrk til eins rannsóknarverkefnis varðandi Hrafnseyri og Jón Sigurðsson. Þetta rannsóknarverkefni skiptist í þrjár sjálfstæðar rannsóknir: fornleifarannsókn framkvæmd af Ragnari Edvardssyni, sagnfræðirannsókn, framkvæmda af Jónu Símoníu Bjarnadóttur og Andreu S. Harðardóttur og mannfræðirannsókn, framkvæmda af staðarhaldara.

Markmið fornleifarannsóknarinnar er að rannsaka þær efnislegu minjar frá 19. öld á svæðinu í þeim tilgangi að fá betra innsýn inn í líf og afkomu fólks í Arnarfirði á þeim tíma sem Jón Sigurðsson óx upp á Hrafnseyri. Tilgangur rannsóknarinnar er að fá betri innsýn í það svæði sem án efa hafði einna mest áhrif á Jón og gerði hann að þeim manni sem hann síðar varð.

Sagnfræðirannsóknin felst í að kanna heimildir um sögu Arnarfjarðar frá byrjun 19. aldar m.a. með því að skoða skýrslur um efnahag og ástand svæðisins, mannfjölda og

stöðu þess almennt í íslensku samfélagi. Tilgangur rannsóknarinnar er annars vegar að varpa ljósi á svæði og tímabil, sem að öllu jöfnu er ekki mikið nefnt eða fjallað um, þegar Jón og hans starf ber á góma innan fræðanna, og hins vegar að tengja Jón við það land og hérað, sem hann flutti úr sem ungur maður.

Markmið mannfræðirannsóknarinnar er að kanna, hvaða þýðingu og tilgang þjóðartáknið Jón Sigurðsson hefur fyrir Íslendinga í dag á þessum tímum kreppu, hvattvæðingar og alþjóðahyggju. Hvaða eiginleika þeir telji að hann hafi haft, sem þeir meti að verðleikum, haldi á lofti og samsami sig við í sínu daglega lífi eða á hátíðarstundum.

(Ég hef svo fengið synjun á þessa umsókn okkar, en ég reikna með að við sendum þessa hana inn aftur næsta haust)

### **Fundur með Mennta – og menningarmálaráðherra, og formanni fjárlaganefndar.**

Undirritaður fór á fund Katrínar Jakobsdóttur mennta-og menningarmálaráðherra þann 9. nóvember og seinna sama dag hafði hann fund með Guðbjarti Hannessyni formanni fjárlaganefndar. Tilgangur þessara funda var að reyna að fá fé að upphæð 500.000 kr. til að auglýsa námskeið Sumarháskólans við erlenda háskóla, einkum í Bandaríkjunum og Kanada (sjá meðfylgjandi bréf til ráðherra, sem líka var sent til þingmanna Vestfjarðakjördæmis). Það reyndist ekki unnt að fá neina fjárhæð, hjá hvorugum aðilanum. Menntamálaráðherra bennti hinsvegar á sjóð í Menntamálaráðuneytinu, sem mögulegt væri að senda inn umsókn í fyrir 1. febrúar á næsta ári. Að öðru leyti var hún jákvæð gagnvart Sumarháskólanum og þeirri hugmynd Hrafnsyrarnefndar að koma upp kennslu- og rannsóknarstöðu tengda Hrafnsyri í samvinnu við Rannsókn- og fræðasetur Vestfjarða í Bolungarvík og Háskóla- og fræðasetur Vestfjarða. Guðbjartur var einnig mjög hlyntur hugmyndum okkar varðandi Hrafnsyri og Sumarháskóla og mælti með því að Háskóla- og fræðasetrið notaði Hrafnsyri betur en gert hefur verið til að sækja um fasta fjárhæð á fjárlögum til halda úti Sumarháskólanum. Einnig nefndi hann Önnu Margréti Guðjónsdóttir sem unnið hefur að upplýsingamiðlun varðandi tengsl sveitarfélaga við ESB í Brussel, með það fyrir augum að athuga hvort hægt væri að sækja fé í sjóði ESB fyrir Sumarháskólann.

En hvað sem öllu féleysi líður, þá tel ég að samtali mitt við ráðherrann hafi vakið athygli ráðuneytisins á Hrafnsyri og Sumarháskólanum.

### **Fundur með Kristínu Loftsdóttur og Unni Dís Skaftadóttur.**

Staðarhaldari hafði einnig fund þann 17. nóv. með prófessorunum Kristínu Loftsdóttur og Unni Dís Skaftadóttur, frá mannfræðideild HÍ, en þær standa að „Fræðasetri um fólksflutninga og fjölmenningu“ við HÍ. Markmið setursins er að stuðla að, hvetja og kynna rannsóknir á málefnum tengdum fjölmenningu, innflytjendum og farandverkafólki, og jafnframt tengdum málefnum svo sem þjóðerni, kynþáttahyggju, samlögun og samþættingu í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi. Rannsóknarsetrið leggur áherslu á þverfaglega nálgun og samstarf við önnur rannsóknarsetur og stofnanir sem vinna að svipuðum málefnum. Það leitast sértaklega við að gera rannsóknir kennara og nemanda við Háskóla Íslands á þessum sviðum sýnilegar og stuðla að samstarfi við aðrar stofnanir utan hans. Kristínu og Unni Dís var kynnt tillaga Hrafnsyrarnefndar um að koma upp kennslu- og rannsóknarstöðu í tengslum við Hrafnsyri auk þess sem Kristín var fengin til að kenna við Sumarháskólann á Hrafnsyri næsta sumar.

Þessi fundur var ekki síst tilkominn vegna fundarins sem staðarhaldari og formaður Hrafnseyrarnefndar héldu með Kristínu Ingólfssdóttur rektor Háskóla Íslands og Rögnvaldi Ólafssyni, forstöðumanni Stofnunar fræðasetra 8. maí síðastliðinn, og minnst er hér á að framan, þar sem þau hvöttu okkur til að hafa samband við kennara í HÍ vegna hugmynda okkar um að stofna kennslu-og rannsóknarstöðu tengda Hrafnseyri.

### **Ráðstefna 11. nóv. hjá London School of Economics**

Staðarhaldari fór á ráðstefnu hjá „Samtökum um rannsóknir á þjóð og þjóðernisstefnu” (The Association for the study of Ethnicity and Nationalism) í London 11. nóv. sem kallaðist „Sjálfsmynd þjóða í gömlu og nýju Evrópu”. Efni ráðstefnunar var næstum því það sama og námskeiðið í Sumarháskólanum á Hrafnseyri. Þar hitti ég að máli nokkra af helstu fræðimönnum álfunnar um þjóðerni og þjórnisstefnu, eins og t.d. Anthony D. Smith og John Hutckinson, sem kenna við London School of Economics, auk Dr. Sinisa Malesevic, sem kennir við National University of Ireland. Einnig hafði ég samband við skrifstofu samtakanna, en þau gefa út tvö rit, sem dreyft er til meðlima um allan heim. Það væri því æskilegt að Hrafnseyri gerðist meðlimur í þessum samtökum (það kostar ca.8000 kr.á ári), ekki aðeins til að fylgjast með því helsta sem er að gerast á þessu sviði í fræðunum, heldur fáum við líka aðgang að nemendum frá mörgum löndum og getum auglýst námskeið Sumarháskólans í þessum tímaritum.

### **Gjafir til Hrafnseyrar**

- Ferðasaga Þórunnar M. Þorbergssdóttur “Frá Aðalvík til Borgar í Arnarfirði með viðkomu á Hrafnseyrar 17. júní 1911”, gefin af Þorbergi Friðrikssyni. Þetta er skemmtileg saga og hef ég í hyggju að láta útbúa tengingu á hana á heimasíðunni.

- Sveinn Snæland gefur skáp sem talið er að hafa verið smíðaður á Hrafnseyri og verið í eigu Jens Sigurðssonar. Ættartengslin eru þau að Jens Sigurðsson átti Ólöfu Björnsdóttur, Gunnlaugssonar stærðfræðings og þau áttu Björn Jensson yfirkennara í MR sem átti Ólöfu Björnsdóttur ömmu Sveins Snælands. Þessi gripur hefur alltaf verið á heimili Sveins. Samkvæmt ömmu og mömmu hans er þessi skápur smíðaður á Hrafnseyri, en ekkert er meira vitað um hvað hann var ætlaður fyrir eða hvort e-ð annað skápakyns fylgdi honum.

- Rúmfjöl úr rúmi Margrétar Sigurðardóttur. (Nafn gefandans ásamt fjölinni er á Hrafnseyri og get ég ekki nálgast það vegna ófærðar)

### **Til athugunar.**

**Sláttur túna.** Gert var samkomulag við Ómar bónda á Ketilseyri um að slá túnin á Hrafnseyri. Í lok júlí hringdi Ómar hins vegar í mig og sagði að hann hefði nóg hey. Hann vildi því ekki slá túnin á Hrafnseyri. Ómar stakk upp á að ég hefði samband við Árna á Vöðlum, sem ég og gerði. Árni hafði líka nóg hey og bennti mér á að tala við Björn frænda minn í Botni í Súgandafirði, sem ég reyndar gerði, þótt ég héldi ekki, að þeir Botnsbræður færu að keyra yfir í Arnarfjörð eftir heyi. Enda kom það á daginn að þá vantaði ekki hey. Allir þessir bændur sögðu mér að nú væri nóg til af heyjum, svo það yrði erfitt fyrir mig að finna einhvern bónda til að slá túnin á Hrafnseyri í þessu árferði. Ég talaði þá við hestamann á Þingeyri, en þar var sömu sögu að segja. Þeir

höfðu nóg af heyjum. Þess vegna voru túnin á Hrafnseyri ekki slegin þetta árið. Það þarf varla að taka það fram að fallega slegin tún gefa staðnum góða ásýnd. Hins vegar þarf kannski ekki að slá öll túnin, til þess að staðurinn líti vel út.

Loks má geta þess, að staðarhaldari var aldrei boðaður í göngur í haust.

### **Girðingavinna.**

Allar girðingarnar á Hrafnseyri voru dæmdar ónýtar af þeim matsmönnum, sem mátu jörðina 2005 og þær hafa ekki farið batnandi eftir því sem árin líða. Nú er svo komið að ómögulegt er að halda fénu frá túnunum. Þess vegna varð að reka féð úr túnnum 2-3 sinnum á dag í sumar, til þess hindra að blóm fyrir framan safn, bautastein og fánastöng yrðu ekki étin. Hins vegar er ég hræddur um að margar af þeim trjáplöntum, sem grunnskólabörn frá hinum ýmsu grunnskólum á svæðinu hafa plantað hér á undanförunum árum, séu skemmdar eða uppétnar.

Girðingar eru eitt af því fyrsta og síðasta sem ferðamaðurinn sér þegar hann kemur til Hrafnseyrar. Fyrstu áhrifin sem maður fær við að koma á nýjan stað eru oft þau sterkustu tilfinningalega séð og skilja gjarnan mest eftir sig - meðvitað og/eða ómeðvitað. Það er því ekki erfitt að ímynda sér hvaða áhrif lélegar og niðurnýddar girðingar hafa á ásýnd Hrafnseyrar og það ferðafólk sem sækir staðinn heim og yfirgefur hann að lokinni heimsókn. Það er því nauðsynlegt að endurnýja girðingar fyrir afmælið.

### **Netsamband**

Þegar staðarhaldari kom á Hrafnseyri í byrjun máí, kom í ljós að ekkert Internet samband var á staðnum. Þetta var mjög óþægilegt með tilliti til borgunar á reikningum, og þá sérstaklega eftir að safnið var opnað 1. júní, því þá hafði opnunartíma sparisjóðsins á Þingeyri verið breytt þannig að hann opnar aðeins kl. 13-16 og því vonlaust fyrir staðarhaldara að nota sér þann opnunartíma. Haft var samband við Ingimund Óðinn Sverrisson á Patreksfirði, en hann hafði aðstoðað við nettengingu Snerpu síðastliðið sumar, en Snerpumenn vildu nú ekkert koma nálægt netinu á Hrafnseyri. Óðinn, eins og hann er kallaður í daglegu tali, hafði boðið mér sérstakt net, sem hann keypti frá Bandaríkjunum og taldi hann að sendingar gegnum það frá Bíldudal gætu náð til Hrafnseyrar. Hann var rétt byrjaður að setja það upp, þegar ég frétti að Síminn og Vodafone væru að bjóða svokallaðan G-pung, sem hægt væri að nota til að tengja sig á netið á sveitarbæjum. Lét ég því Óðinn hætta við að setja upp loftnetið. Hjá Vodafone var þessi G-pungurinn uppseldur og vissu þeir ekki hvenær þeir fengju aðra sendingu. Ég keypti því tengingu hjá Símanum. Fljótlega kom í ljós að ekki var hægt að nota þessa tengingu til að borga reikninga og annað þvíumlíkt. Var það vegna þess að hún var of kraftlítil. Þá var haft samaband við Vodafone aftur og voru þeir þá búnir að fá nýja sendingu svo ég keypti þeirra nettengingu sem var sterkari og gat ég notast við hana. Þetta er samt ekki neitt gott samband. Ég talaði við mann á Símanum vegna þessa, og sagði hann mér að þeir ætla að koma upp góðu netsambandi fyrir næsta sumar. Vonandi tekst það.

### **Heimasíða**

Heimasíða Hrafnseyrar er minn Akkilesarhæll og skammast ég mín hreinlega fyrir hana. Magnús Hávarðarson hætti hjá Netheimum á árinu og byrjaði að vinna sjálfstætt, en hann gerði heimasíðuna fyrir Hrafnseyri og hafði sett efni fyrir mig inn á síðuna. Heimasíðan er skráð hjá Netheimum. Ég hef samt ekki tímt að láta hann setja efni inn á síðuna í sumar, því mér finnst það vera of dýrt. Sjálfur hef ég sett svolítið

inn, en þetta er flóknara en ég ræð við. Ég hef talað við Roland í Netheimum sem segist vera tilbúinn til að setja fyrir mig inn á síðuna fyrir lítið verð.

### **Skjalaskráning.**

Ég heyrði í útvarpinu ekki fyrir allöngu, þar sem sagt var frá því, að verið sé að setja upp aðstöðu (á Keflavíkurflugvelli að mig minnir) til þess að geyma og varðveita opinber vefræn gögn. Spurningin er, hvort Hrafseyri geti ekki nýtt sér þetta.

### **Almennt viðhald**

Engir fjármunir eru áætlaðir í viðhald á rekstri Hrafseyrar fyrir 200 ára afmæli Jóns. Ég hef sett á framkvæmdáætlun 2010 (sjá Framkvæmdáætlun) heimsókn Veraldarvina í 12-14 daga til að mála útihús og fleira í þeim dúr og flíkka þannig upp á staðinn ef Hrafseyrarnefnd samþykkir það.

Það vantar fleiri plaststóla, því þeir fara óðum fækkandi og eru nú um það bil 80 stólar eftir, en það er of lítið í dag, svo ekki sé talað um 2011. Mér er sagt að hægt sé að panta svona stóla gegnum Rúmfatalagerinn

Burstabær. Glugginn á ystu burstinni er að falla út (eins og fram kom í úttekt Þratar í fyrrahaust). Loft hefur sigið, þannig að ómögulegt er opna/loka hurð inn í ystu burstina. Það þarf því að lyfta því upp og púkka undir það. Það þarf að mála bæinn fyrir afmælið. Þar að auki lekur þakið.

Íbúðarhús að utanverðu. Hér í lok nóvember virðist sem suðurveggur íbúðarhúss á Hrafseyri láti æ meira á sjá. Einnig er málning á norðurhlíð farin að flagna mikið af. Skipta þarf um þakrennu á austurhlíð kaphellu, en hún er farin að ryðga verulega.

## **Framkvæmdáætlun 2010**

- Veraldarvinir (8-10 manns) dvelja á Hrafseyri 5-19 júní við að mála fjáhúsin og hlöðuna og önnur útihús m.m. Munu þau dvelja á kapelluloftinu, þar sem þau hafa svefnpokapláss og eldunaraðstöðu. Reiknað er með 1450 kr. pr. mann á dag í fæði- og umsýslukostnað. Þetta verða því 203.000 kr. (Þ.e. 10 manns á 14.500 kr./pr.dag x 14 dagar = 203.000 ).

- Tvö námskeið verða haldin í sumarháskólanum á Hrafseyri í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Annað námskeiðið heitir „Íslenskt þjóðerni“, sem kennt verður í samvinnu við HÍ og HA. Kennarar verða auk unírritaðs þau prófessor Kristín Loftsdóttir HÍ og Páll Björnsson lektor í HA

- Hitt námsskeiðið verður haldið í samvinnu við Washington Háskóla, USA og HÍ og kallast (sennilega) „Menningararfleifið, sjálfsmynd og ferðamennska“. Kennarar verða auk mín, Marc L Miller frá Washington Háskóla og Katrín A. Lund frá HÍ.

- Undirritaður hefur verið í sambandi við Barnahjálp UNICEF, þar sem sú stofnun hefur látið í ljós áhuga á að halda stjórnlagahring fyrir börn á Hrafseyri 17. júní 2010. Ákveðið hefur verið að ég hafi samband við UNICEF í janúar um frekari viðræður.

- Breytingar á safni verða að fara af stað á komandi ári til að hægt sé að klára endurnýjun safnsins fyrir 17. júní 2011. Allri jarðhæð/neðrihæð íbúðarhús verður breytt í safn, auk þess sem kapella verður notuð til kvikmyndasýningar um Jón auk annarra sýninga og ráðstefna. Efrihæð íbúðarhúsins verður hins vegar breytt í íbúð fyrir staðarhaldara.

### **Framkvæmdir sem átti að framkvæma á síðasta ári en voru ekki framkvæmdar**

- að kaupa 50-100 plaststóla fyrir gesti til að geta setið úti á palli. Það eyðaleggjast um það bil 5-8 stólar á ári. Nú eru innan við 80 stólar eftir.
- að kaupa nýjan klofinn fána (ríkisfána) á fánastöng framan við íbúðarhús
- nýja eldavél í íbúðarhús (sú gamla er búin að vera)
- að laga heimasíðu staðarinnis
- að ákveða listamann á Hrafnseyri 2009
- að ákveða, hvort gera eigi við torfþak á burstabæ næsta sumar, bæði vegna leka og vegna þess að gluggi á vesturhlið bæjarinnis er að þrýstast út. Einnig er erfitt er að opna hurð í stofu, vegna þess að loftið hefur sigið
- að ákveða hvaða tún eigi að hirða á Hrafnseyri í framtíðinni og hver eigi að hirða (staðarhaldari, bændur eða aðrir)?

Suðureyri, 2. desember 2009

Valdimar J. Halldórsson  
Staðarhaldari